

Skipulagsskrá fyrir Dalbæ

1. gr. Heiti.

Heiti stofnunarinnar er Dalbær. Dalbær er umönnunar- og hjúkrunarheimili. Stofnunin er sjálfseignarstofnun.

2. gr. Stofnaðilar og stofnfé.

Stofnaðilar að dvalarheimilinu voru Dalvíkurkaupstaður og Svarfaðardalshreppur. Árskógshreppur gerðist aðili að stofnuninni árið 1991. Á árinu 1998 voru þessi sveitarfélög sameinuð undir nafninu Dalvíkurbyggð sem telst skv. því eini núverandi stofnfjáraðili Dalbæjar og bakhjarl stofnunarinnar.

Stofnfé stofnunarinnar fólst í greiddum byggingarkostnaði og framlögum stofnenda kr. 93.436.766.

3. gr. Heimilisfang.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar skal vera að Kirkjuvegi, Dalvík.

4. gr. Tilgangur.

Dalbær er hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldrað fólk og ófæra öryrkja. Þar er þeim gefinn kostur á búsetu og þjónustu eftir þörfum hvers og eins og með þeim kjörum sem opinberlega gilda hverju sinni. Skiptist starfsemi heimilisins í hjúkrunardeild, dvalardeild, dagdvöl og almennt félagsstarf. Heimilt er að veita viðtöku frjálsum framlögum og arfsfé í sérstakan gjafasjóð og ráðstafa í þágu heimilisins, heimilisfólks og/eða starfsfólks, m.a. að óskum gefenda eða arfláta.

5. gr. Tekjur, ráðstöfun tekna.

Helstu tekjustofnar Dalbæjar eru framlög frá ríkissjóði, framlög og gjafir og aðrar tekjur sem stofnuninni kunna að berast.

Tekjum stofnunarinnar skal ráðstafa í þágu markmiða hennar í samræmi við 4. gr. skipulagsskrár og á annan þann hátt sem stuðlar að markmiðum hennar. Starfsemin er ekki rekin í hagnaðarskyni en ef einhver verður, skal þeim hagnaði varið til þess að efla starfsemi stofnunarinnar. Þó skal hagnaði fyrst varið til jöfnunar eldra taps sé því til að dreifa.

6. gr. Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum og fimm til vara, sem fara með æðsta vald hennar, móta stefnu og vinna að markmiðum hennar.

Stjórnarmenn skulu kosnir af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar að loknum sveitarstjórnarkosningum að jafnaði til fjögurra ára í senn.

Tilkynna skal tilnefningu hlutaðeigandi einstaklinga með skriflegum hætti eigi síðar en 30. júní til hjúkrunarframkvæmdastjóra heimilisins eða formanns fráfarandi stjórnar og teljast hinir tilnefndu þá rétt kjörnir til næstu fjögurra ára hið lengsta.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér ritara en formaður og varaformaður er kosinn af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema fullskipuð stjórn hafi haft tök á að fjalla um málið.

Íbúum og starfsfólki heimilisins skal heimilt að tilnefna einn fulltrúa frá hvorum hópi, sem hafi rétt til að sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti á þeim fundum þar sem fjalla á sérstaklega um mál þessara aðila. Heimilt er að hafa fundi lokaða ef fjallað er um trúnaðarmál.

Stjórnin heldur fundargerðarbók um fundi sína og skulu fundargerðir lagðar fram til kynningar í sveitarstjórn.

Stjórn kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar en firma hennar rita þrjú stjórnarmenn saman.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar sem fram koma í 4. gr. og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemi sé í samræmi við áætlanir. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

Halda skal stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Formaður stjórnar, eða hjúkrunarframkvæmdastjóri í umboði formanns, boðar til funda með tölvupósti, eða öðrum sannanlegum hætti, og skal hann jafnframt óska eftir að stjórnarmenn sendi staðfestingu á að fundarboð hafi borist þeim. Hver stjórnarmaður getur með tilgreindri málsástæðu krafist stjórnarfundar skriflega og skal hann þá haldinn innan þriggja vikna frá því krafan er gerð. Stjórnarfundur telst lögmætur sé til hans boðað á sannanlegan hátt með minnst þriggja daga fyrirvara og að meiri hluti stjórnarmanna eða varamanna sé mættur. Komist stjórnarmaður ekki skal aðalmaður upplýsa hjúkrunarframkvæmdastjóra um það og jafnframt boða varamann sinn.

Stjórn ber ábyrgð á að bókhald sé haldið með lögmætum hætti og að ársreikningur sé gerður.

Stjórnin ber ábyrgð á starfssemi stofnunarinnar og fjárvörslu hennar og skal senda Ríkisendurskoðun endurskoðaða reikninga eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Dalbæjar hefur verið varið á því ári.

7. gr. Hjúkrunarframkvæmdastjóri

Stjórn er heimilt að ráða hjúkrunarframkvæmdastjóra til að annast daglega starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar. Hjúkrunarframkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegri starfsemi stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða starfsemi. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, þ.á.m. vegna kostnaðarsams viðhalds og/eða endurbóta húsnæðis. Slíkar ráðstafanir getur hjúkrunarframkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórninni nema ekki sé unnt að biða ákvörðunar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Hjúkrunarframkvæmdastjóri hefur umsjón með almennu reikningshaldi auk þess sem hann ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar gagnvart stjórn. Heimilt er að fela utanaðkomandi aðila að sinna ákveðnum þáttum svo sem færslu bókhalds og launavinnslu. Hjúkrunarframkvæmdastjóri ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um reksturinn sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Reikningar skulu aðeins greiddir hafi þeir hafi verið samþykktir af hjúkrunarframkvæmdastjóra.

Hjúkrunarframkvæmdastjóri skal að höfðu samráði við deildarstjóra annast ráðningu starfsfólks og felur þeim verkefni í samræmi við umfang starfsemi stofnunarinnar. Hjúkrunarframkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

8. gr. Endurskoðun.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri endurskoðendur eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur skulu ráðnir til eins árs í senn.

9. gr. Reikningsárið.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

10. gr. Ákvarðanir stofnanda.

Æðsta vald í málefnum sjálfseignarstofnunarinnar er í höndum sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar sem eina stofnandans og hefur hún ein heimild til að breyta skipulagsskrá. Stjórn Dalbæjar er heimilt að gera tillögu að breytingum á skipulagsskrá enda hafi þær tillögur áður verið samþykktar í stjórn Dalbæjar. Þannig skulu slíkar tillögur hljóta samþykki a.m.k. þriggja stjórnarmanna Dalbæjar.

Á meðan stofnfjáraðili er aðeins Dalvíkurbyggð er ekki nauðsyn að halda ársfundi í stofnuninni.

Í stað ársfundar þá fjallar sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar um þau mál sem féllu annars undir ársfund og tekur ákvarðanir um þau mál sem annars væru teknar á honum. Sú umfjöllun skal fara fram þegar endurskoðaðir ársreikningar Dalbæjar liggja fyrir, sbr. 9. gr. Við þá umfjöllun þá skal stjórn Dalbæjar hafa lagt fram eftirtalin gögn eigi síðar en 30. júní ár hvert:

1. Skýrslu stjórnar og endurskoðanda með ársreikningi.
2. Ársreikningur.
3. Kynningu á starfsáætlun fyrir komandi starfsár.
4. Tillögur til stjórnar um breytingar á skipulagsskrá.

Jafnframt skulu eftirfarandi ákvarðanir vera teknar:

1. Val endurskoðanda stofnunarinnar.
2. Aðrar ákvarðanir sem taka þarf.

11. gr. Fjárhagsáætlun.

Stjórn og hjúkrunarframkvæmdastjóri gera árlega fjárhagsáætlun fyrir rekstur og/eða uppbyggingu Dalbæjar fyrir 1. desember ár hvert og skal hún þá lögð fyrir sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar til kynningar samhliða kynningum á fundargerðum stjórnar.

Laun hjúkrunarframkvæmdastjóra og annars starfsfólks skal miða við gildandi kjarasamninga hliðstæðra starfsmanna á hverjum tíma.

Þóknun stjórnarmanna skal á hverjum tíma nema sömu fjárhæð og fundarþóknunir kjörinna fulltrúa Dalvíkurbyggðar.

Stjórnin skal í samráði við hjúkrunarframkvæmdastjóri fylgjast grannt með fjárhag stofnunarinnar einkum með því að tekjur hennar standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Hagnaður eða tap af starfsemi stofnunarinnar skal færður á næsta reikningsár.

12. gr. Slit.

Komi til þess að sjálfseignarstofnunin verði lögð niður, skal stjórn hennar gera upp skuldir og eignir og slíta svo starfsemi hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til málefna sem stjórn stofnunarinnar ákveður og samræmist tilgangi hennar.

Tillögur um sameiningar stofnunarinnar við aðrar stofnanir eða félag, skulu meðhöndlaðar eins og tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari. Þannig skulu slíkar tillögur hljóta samþykki a.m.k. þriggja stjórnarmanna auk sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar.

Þar sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta almennum meginreglum laga um sjálfseignarstofnanir, svo og landslögum að öðru leyti.

13. gr. Staðfesting skipulagsskrár

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur staðfest hana. Skal hún vera undirrituð af sveitarstjóra því til staðfestingar með tilvísun til þess fundar sveitarstjórnar þar sem hún var samþykkt.

Upprunalega samþykkt í júlí 1982.
Breytt, 19. október 2010.

Þannig breytt á fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar nr. 310 þann 19.02.2019 tók gildi frá og með þeim degi.

Þannig staðfest af stjórn:

Kristinn Bogi Antonsson
formaður stjórnar

Valdís Guðbrandsdóttir
varaformaður

Heiða Hilmarsdóttir

Rúna Kristín Sigurðardóttir

Valdemar Þór Viðarsson

Þannig staðfest af sveitarstjóra Dalvíkurbyggðar:

Katrín Sigurjónsdóttir